

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2012

2012/EES/70/05

frá 28. september 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 64/2012 frá 23. janúar 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012 frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar girskiptivísa og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB):
„– **32012 R 0065**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012 frá 24. janúar 2012 (Stjtið. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 24).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011):
„eins og henni var breytt með:
– **32012 R 0064**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 64/2012 frá 23. janúar 2012 (Stjtið. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 1).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zzn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012):
„45zzo. **32012 R 0065**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012 frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar girskiptivísa og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB. (Stjtið. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 64/2012 og 65/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 24.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.